



**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** Íþ

**Kennslugögn:**

1. *Líffæra- og lífeðlisfræði I. bindi.* Regína Stefnisdóttir (IDNU 1995).
2. *Human Anatomy Coloring Book.*
3. *Glærur, skyggnur, ljósrit.* Nánar kynnt í kennslustundum.

**Lýsing**

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræðinnar út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi frumna og vefja, flutning efna yfir himnur, jafnvægishneigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi þekjukerfis: lagskipting húðar og líffæri; beinakerfis: beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liðir og hreyfingar; vöðvakerfis: innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar líkamans; taugakerfis: taugavefur, taugaboð, taugaboðefni, flokkun taugakerfis og starfsemi, skynfæri og skynjun; innkirtlakerfis: innkirtlar og virkni hormóna.

**Forkröfur**

**Pekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeirri frumustarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lítandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

## **Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahhluta
- rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- tengja byggingu líffæra- og líffærahhluta við starfsemi þeirra
- vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði

## **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

## **Kennsluform:**

Fyrirlestrar og umræða um námsefnið, heimaverkefni og tímaverkefni.

## **Námsmat:**

Skriflegt próf í lok annar. Vægi: 70%

Verkefni og hlutapróf. Vægi: 30%.

Nemendur verða að skila 90% verkefna innan tímaramma og standast kröfur skólans um mætingu. Nema um annað sé samið.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga

## Áætlun annarinnar

<b>Vikur/dags.</b>	<b>Hugtök og efnispættir</b>	<b>Lesefni</b>
1. vika 05.1 -13.01	Kynning á námsefni. Frumur og vefir	3. kafli
2. vika 16.-20.1	Frumur og vefir	3.kafli
3. vika 23.-27.1	Þekjukerfið	4. kafli
4. vika 30.1- 03.2	Þekjukerfið	4. kafli
5. vika 06.2-10.2	Bein og liðir	5. kafli
6. vika 13.2-17.2	Bein og liðir	5. kafli
7. vika 20.2-24.2	Vöðvar	6. kafli
8. vika 27.2-03.3	Vöðvar	6. kafli
9. vika 06.3.-10.3	Verkefnavinna í vöðvum og beinum	6. kafli
10. vika 13.3.-17.3	Hlutverk tauga- og miðtaugakerfis <b>Könnun</b>	7.kafli
11 vika 20.3-24.3	Úttaugakerfið	8. kafli
12. vika 27.3-31.3	Úttaugakerfið Páskafri 01.04 -11.04	8.kafli
13.vika 12.4-14.4	Skynfæri	9.kafli
14. vika 17.4-21.4	Skynfæri	9.kafli
15.vika 24.4-28.4	Innkirtlakerfið	10.kafli
16. vika 01.5.-05.5	Innkirtlakerfið og upprifjun	10. kafli

Kennari áskilur sér rétt til breytinga